

Bólusetja skal lömb sem heimtast eftir að bólusettt er gegn garnaveiki

Bólusetning ásetningslamba við garnaveiki á garnaveikisvæðum á að vera lokið fyrir 31. desember.

Matvælastofnun minnir bændur á að einnig skal bólusetja öll lömb sem heimtast eftir að búíð er að

bólusetja fyrir garnaveiki á þeim svæðum þar sem bólusetningar er krafist. Óbólusettt lömb geta hæglega smitast af bakteríunni og þannig viðhaldið smiti í umhverfinu í langan tíma. Árangur næst einungis með

samstilltu átaki búfjáreigenda, Matvælastofnunar, dýralækna og sveitarfélaga.

*Sigrún Bjarnadóttir,
dýralæknir nautgripa- og sauð-
fjárjúkdóma hjá Matvælastofnun*

Innlausn á greiðslumarki mjólkur

Skilafrestur umsókna um innlausn og kaup á greiðslumarki er 4. apríl 2017.

Skilyrði fyrir kaupum er greiðsla berist í síðasta lagi 20. apríl 2017. Umsóknum um kaup og sölu þarf að skila á þjónustugátt Matvælastofnunar. Umsókn um sölu á greiðslumarki er nr. 7.14 og umsókn um kaup á greiðslumarki er nr. 7.18 inn á þjónustugáttinni. Innlausnarverð á lítra á innleystu greiðslumarki er 138 krónur á lítra. Matvælastofnun greiðir fyrir innleyst greiðslumark eigi síðar en 15. maí 2017. Ársgreiðsla fyrir greiðslumark er í dag 13,62 krónur á lítra. Aðrar stuðningsgreiðslur í nautgripærækt eru ekki tengdar greiðslumarki. Greiðslumark fellur niður eftir fjögur ár skv. núverandi búvörusamningi, nema annað verði ákveðið við endur-

skoðun samnings. Greiðslumarkið gildir þó sem viðmið fyrir greiðslur á greiðslumark, en þær fara lækkaandi á næstu árum og falla niður árið

2026. Innlausn fer fram í samræmi við reglugerð nr. 1150/2016 um stuðning við nautgripærækt.

Búnaðarstofa Matvælastofnunar



Orkuskot í vetra

25% afsláttur af bætiefnum sem geta stuðlað að betri ork
Dagana 22. mars - 6. apríl.